

Sp. 525. Tillaga til þingsályktunar [182. mál]

um afnám ríkisfyrirtækja og undirbúning ráðstafana til lækkunar ríkisgjalda.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Hallgrímur Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir þeim ráðstöfunum, er hér fara á eftir, til samdráttar ríkisrekstri og lækkunar á gjöldum ríkisins, enda undirbúi stjórnin lagabreytingar þar að lútandi eftir því, sem með þarf:

1. Að ríkisrekstur áætlunarþifreiða verði lagður niður og eignir ríkisins vegna þessarar starfrækslu seldar.
2. Að Landssmiðjan verði seld, ef viðunandi tilboð fæst.
3. Að trésmiðja ríkisins í Silfurtúni verði seld, ef viðunandi tilboð fæst.
4. Að afnumin verði öll vöruskömmun að undanskilinni skömmun á bifreiðagúmmi.
5. Að viðtækjaverzlun ríkisins verði lögð niður og eignir hennar seldar.
6. Að verzlun ríkisins með tilbúinn áburð verði lögð niður.
7. Að seld verði tunniverksmiðja ríkisins og eignir hennar.
8. Að fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík verði selt.
9. Að grænmetisverzlun ríkisins verði lögð niður.
10. Að lög um orlof verði afnumin.
11. Að lög um jöfnunarsjóð hæjar- og sveitarfélaga verði afnumin.
12. Að lög um búnaðarskóla í Skálholti verði afnumin.
13. Að lög um vinnumiðlun verði afnumin.
14. Að lækkuð verði framlög til almannatrygginga með breytingu á lögum þar að lútandi.
15. Að lækkaður verði kostnaður við fræðslumál með breytingu á lögum um skóla-kerfi og fræðsluskyldu, er stytta skólaskylduna um tvö ár.

Greinargerð.

Þingmenn virðast alveg sammála um það, að fjárhagur ríkissjóðs sé í verulegri hættu. Ekki getur þó nema nokkur hluti þingmanna fallizt á það, að þessi hættu stafi af ógætilega háum fjárlögum. Vonlaust mun því, að meiri hluti fáiast fyrir því í þinginu að lækka fjárlögin. Hins vegar hafa flestir þingmenn lýst þeirri skoðun sinni, að afþensla í margs konar áhættusömum ríkisrekstri sé orsök þeirrar hættu, sem yfir ríkissjóði vofir í fjárhagslegum efnum.

Flutningsmenn þessarar tillögu eru að sönnu þeirrar skoðunar, að útgjöld fjárlaganna séu orðin langt fram yfir það, sem gjaldgeta þjóðarinnar rís undir. En eigi að síður eru þeir sammála þeim þingmönnum, sem eru þeirrar skoðunar, að fjárhag ríkisins stafi geigvænlegur háski af stofnfjárfrekum og áhættusömum rekstri. En fleiri ríkar ástæður eru til þess, að ríkið á að takmarka áhætturekstur sinn.

Það er staðreynd, að ríkið tapar árlega stórfé á þeim hlutum, sem gefa áberandi gróða í einkarekstri, og það er einnig staðreynd, að rekstur ríkisins heldur hvergi niðri verðlagi. Þetta ætti út af fyrir sig að nægja til þess, að ríkið hætti að vasast í þessum hlutum. En við þetta bætist svo, að því er snertir verzlunarfyrirtækin, að kaup og sala, sem ríkið hefur nú með höndum og bindur við mikinn og dýrmætan vinnukraft, mundi ekki krefjast neins verulegs vinnukrafts, þótt þau viðskipti hyrfu til einstaklinga og félaga. Hér má því leysa mikinn og dýrmætan vinnukraft til nyt-samra starfa í þjóðfélaginu. Og ekki er það heldur lítilsvert fyrir ríkissjóðinn að geta leyst þær feikna fjárhæðir, sem ríkið hefur bundið í fyrirtækjum þeim, sem að framan eru talin.

Í framsögu verður gerð grein fyrir hverjum tölulíð tillögunnar út af fyrir sig.